

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 17. desember 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakóbína Björnsdóttir. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi í rekstri og stjórnun í matvælaíðnaði

Lögð fram beiðni um mat á rekstri og stjórnun í matvælaíðnaði. Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

2. Mat á námi bókara

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er bókari II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem samanlögð námskeið eru um 40 klst. og uppfylla því ekki skilyrði um samanlögð 150 kest. námskeið.

3. Mat á námi bókara

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er bókari II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. með samanlögðum námskeiðum.

4. Mat á námi garðyrkjufræðings

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er garðyrkjustjóri.

Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

5. Mat á námi frístundaleiðbeinanda

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum í íslenskum og erlendum skólum. Starfsheiti er frístundaleiðbeinandi og starfsmaður í skóla með stuðning.

Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

6. Mat á námi starfsmanns í skóla með stuðningi (Sigrún Graham, Kópavogur)

Lögð fram beiðni um mat á námi frá ntv og Borgarholtsskóla. Starfsheiti er starfsmaður í skóla með stuðning.

Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

7. Mat á námi skólaritara

Lögð fram beiðni um mat á námi frá HÍ og erlendum háskóla. Starfsheiti er skólaritari II. Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

8. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

9. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi frá HÍ og frá erlendum háskóla. Starfsheiti er starfsmaður á leikskóla.

Starfsþróunarnefnd samþykkir að biðja skrifstofu Enic/Naric á Íslandi um að leggja mat á nám starfsmanns.

10. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á námi í HÍ. Starfsheiti er skólaliði.

Samþykkt að skoða betur og fresta málinu til næsta fundar.

11. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

12. Skýrsla nefndar

Lögð fram drög að skýrslu starfsþróunarnefndar og hún samþykkt. (fá einhvern til að lesa yfir)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.50

Næsti fundur verður haldinn mánudagur 14. janúar 2019 kl. 9:30